


# Ský á augasteini

## Skurðaðgerð á göngudeild augnsjúkdóma

Ský á augasteini er algeng orsök sjóndepru og kemur fyrir hjá fólki á öllum aldri, en oftast hjá eldra fólki. Til að bæta sjónina er gerð skurðaðgerð þar sem augasteinninn er fjarlægður og gerviaugasteinn settur í staðinn.



### Undirbúningsviðtal

Fyrir aðgerðina fer fram undirbúningsviðtal og augnmæling hjá hjúkrunarfræðingi á göngudeild augnlækninga á Eiríksgötu 5. Ekki má nota snertilinsu í sjö daga fyrir komu í undirbúningsviðtal vegna augnmælingar. Nauðsynlegt er að láta vita um:

- Allar aðgerðir sem hafa verið gerðar á augum, þar með talið sjónlagsaðgerð með laser.
- Ef dvalið hefur verið á sjúkrahósti erlendis síðustu sex mánuði.
- Ofnæmi fyrir lyfjum, jöði eða gúmmí (latex).

## Undirbúningur heima

- Ef tekin eru sýklalyf eða sýking er í auga eða annars staðar, þarf að láta innköllunarstjóra eða ritara á göngudeild augnsjúkdóma vita í síðasta lagi daginn fyrir aðgerð.
- Fara þarf í sturtu, klæðast hreinum fötum og fjarlægja skartgrip og andlitsfarða að morgni aðgerðardags.
- Borða má morgunmat og taka inn sín föstu lyf að morgni aðgerðardags.

## Aðgerðardagur

### Mæting er á göngudeild augnsjúkdóma að Eiríksgötu 5.

Við komu þarf að undirrita samþykki fyrir skurðaðgerð. Áætlaður dvalartími á deildinni er um tvær klukkustundir. Óvæntar aðstæður á skurðstofu geta valdið því að aðgerðartími breytist.

- Farið er í sjúkrahúsjakka utan yfir eigin föt.
- Augndropar og róandi lyf eru gefin fyrir aðgerðina eftir því sem við á.
- Augað er deyft með augndropum.

Á skurðstofu er lagst í sérstakan aðgerðarstól þar sem höfuðið hvílir á þægilegan máta. Sótthreinsað lak er breitt yfir andlitið og því síðan lyft frá vitum þannig að andrými sé nægjanlegt.

Ef vart verður við óþægindi er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við.

Aðgerðin sjálf tekur 10–30 mínútur. Fljótlega má síðan fara heim. Ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir aðgerðina.

### Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Rafrænan lyfseðil fyrir augndropum (sendur í apótek)

# Útskriftarfræðsla

## Sjón

Það getur tekið nokkra daga fyrir sjónina að jafna sig eftir aðgerðina. Búast má við að sjónin verði í móðu í 1-2 daga. Flestir fá góða fjarlægðarsjón án gleraugna. Þeir sjá þá oftast illa nálægt sér og gagnast þá lesgleraugu með styrkleikanum +2.0 til +2.5. Þeir sem eru með sjónskekkju þurfa áfram að nota gleraugu til að leiðrétta hana.

Gleraugnamæling fer fram í fyrsta lagi þremur vikum eftir aðgerð.

## Augndropar og augnlyf

- Nota þarf augndropa, samkvæmt fyrirmælum læknis, í 3–4 vikur.
- Þeir sem nota glákulyf þurfa að opna nýja pakkningu til að nota eftir aðgerðina.
- Gott er að nota gervitár ef það er sviði eða tilfinning eins og aðskotahlutur sé í auga eftir aðgerðina.

## Umhirða aðgerðarauga

- Ráðlagt er að þvo í kringum augað og augnhvarma tvisvar á dag með volgu vatni.
- Augað er viðkvæmt fyrir birtu fyrst eftir aðgerð og sumum finnst gott að nota sólgleraugu þann tíma.
- Ekki má nota augnfarða í eina viku vegna hættu á sýkingu.
- Fara má í sturtu daginn eftir aðgerð en forðast þarf að fá sturtuvatn í augun fyrstu vikuna eftir aðgerð.

## Verkir

Eðlilegt er að finna fyrir óþægindum í auga sem væg verkjalyf slá á. Nota má hefðbundin verkjalyf sem fást án lyfseðils í apóteki samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli.

## Hreyfing

- Ráðlagt er að hafa hægt um sig í tvo daga eftir aðgerðina en óhætt er að fara út að ganga á þessum tíma.
- Ekki má fara í sund, heitan pott eða gufubað í eina viku eftir aðgerð.

## Vinna og ferðalög

Byrja má aftur að vinna nokkrum dögum eftir aðgerðina ef líðan er góð. Óhætt er að fara í flug að aðgerð lokinni.

## Eftirfylgd

Augnskoðun fer fram hjá augnlækni sjúklings 6-8 vikum eftir aðgerð. Sjúklingur pantar sjálfur tíma.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina við útskrift. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

## Mögulegir fylgikvillar

Fylgikvillar eru sjaldgæfir og eru í flestum tilvikum vægir. Mögulegir fylgikvillar geta verið:

- Bakteríusýking (í minna en 0,02% aðgerða): Alltaf er gefið sýklalyf í augað í lok aðgerðar til að minnka líkur á sýkingu.
- Sjónhimnulós (í minna en 0,1% aðgerða): Áhættan er aðeins aukin eftir augasteinsaþgerð.
- Þjúgur í augnbotni (í tæplega 1% aðgerða): Hann er meðhöndlaður með bólguminnkandi augndropum eftir aðgerðina.
- Eftirský (í tæplega 10% aðgerða): Þá verður hýðið bak við gerviaugasteininn ógegnsett. Það er meðhöndlað með einfaldri laseraðgerð.

### Strax á að hafa samband við deildina ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu vikuna eftir aðgerð:

- Slæmur verkur í auga sem fer versnandi
- Sjónin versnar
- Augnhvíta verður rauð
- Ógleði eða hófuðverkur gera vart við sig

Eftir klukkan 15:30 og um helgar er haft samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og beðið um samband við vakthafandi sérnámslækni á augndeild.

## Símanúmer

Göngudeild augnsjúkdóma er opin virka daga frá klukkan 08:00-16:00

543 7110

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.